



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

FYLGISKJAL II

5. maí 2020

Minnisblað Axel Hall til Samkeppniseftirlitsins um breytingu á fyrirkomulagi við ráðningu forstjóra

Þann 13. mars 2020, í tengslum við umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp til laga til breytinga á samkeppnislögum, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir álit frá Axel Hall á 2. gr frumvarps til breytinga á samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum (þingskj. 1029, 610. mál), um breytingu á fyrirkomulagi við ráðningu forstjóra. Með bréfi þessu veitir Samkeppniseftirlitið hina umbeðnu umsögn. Álit Axels Hall er birt hér.

Efni: Breyting á fyrirkomulagi við ráðningar forstjóra

Almennt gildir um stofnanir þar sem viðfangsefnin eru fjölbreytt og sérhvert mál hefur einhvers konar sérstöðu að reynsla af svipuðum málum skiptir miklu við úrlausn þeirra. Það er því mikilvægt að einhvers konar stofnanaminni sé til staðar og hlúð sé að því að það viðhaldist, enda reynslan ólygnust. Í opinberum rekstri reynist starfsmannavelta oft fjötur um fót. t.d. í störfum þar sem ungt fólk hlýtur þjálfun og hverfur svo í einkageirann hlaðið reynslu sem það aflaði sér í hinum opinbera geira. Þörfin á stofnanaminni er að sjálfsögðu líka til staðar í stjórnun í opinberum rekstri en um leið þarf líka að huga að því að ákveðinn sveigjanleiki þarf að til að stjórnendur festist ekki eða staðni í einstökum störfum og að ráðrúm til endurnýjunar verði of lítið. Þannig get ég alveg fallist á það sjónarmið að heppilegt sé að forstöðumenn stofnana séu ekki of lengi við stjórnvölinn í einstökum stofnunum. Það þarf því að feta ákveðið einstigi í þessu tilliti.

Þá verður um leið að horfa til samspils forstöðumanna og stjórna sem standa að baki þeim. Það getur í ljósi framangreinds verið óheppilegt fyrirkomulag að skipt sé bæði um stjórn og forstöðumenn á sama tíma og þannig verði rof í stofnanaminni. Til að bregðast við slíku mætti hugsa sér að stjórn t.a.m. samkeppniseftirlits væri ekki skipt út í einu vetfangi heldur væri skipunartíminn með þannig skörun að ekki færu allir út á sama tíma. Um leið er mikilvægt að huga að því að miklir hagsmunir eru undir í úrlausn samkeppnismála. Oft og tíðum eru viðbrögð við slíkri togstreitu hagsmuna leyst með því að í stjórnir séu skipaðir fulltrúar hagsmunaaðila. Líklegt er að af slíku fyrirkomulagi hlytist verulegur núningur og togstreita við stjórn og ákvarðanatöku. Skipanir í stjórn samkeppnismála eru vandmeðfarnar enda er hætt við að pólitísk sjónarmið geti ráðið för við skipun í stjórn þeirra sem á endanum hafi áhrif á ákvarðanir samkeppnisfirvalda.

Hugsa mætti að draga úr þessum áhrifum með því að fjölga í stjórn samkeppniseftirlits og eftirláta háskólasamfélaginu um skipun einhverra stjórnarmanna, t.d. að skipa einn með hagfræðipækkingu og annan með sérfræðipækkingu í samkeppnisrétti til viðbótar við þá fulltrúa sem skipaðir eru á vettvangi stjórn mála.

Tímalengd og fyrirkomulag ráðningar forstöðumanns og stjórnar eftirlits getur haft veruleg áhrif á hegðun og niðurstöður eftirlits. OECD fjallar um þetta í skýrslu frá 2016 þar sem komið er að því að sjálfstæði eftirlits frá stjórnvöldum skipti úrslitamáli fyrir hlutlausa framvindu í beitingu samkeppniseftirlits.¹ Í þessari skýrslu er að finna nokkurs konar mælikvarða á sjálfstæði samkeppnisfirvalda. Samkvæmt henni verður mælikvarðinn hærrí og sjálfstæðið þ.a.l. meira þegar stjórnir og forstöðumenn eru lengur fremur en skemur við störf, endurnýjun ráðningartíma er ekki möguleg og stjórn mála í hlutun er lág mörkuð. Formlegir mælikvarðar við hæfi og ferli við ráðningu skipta samkvæmt þessari skýrslu verulegu máli fyrir farsælt samkeppniseftirlit.

Reykjavík, 24. apríl 2020

Axel Hall, Ph.D.

Lektor, Viðskiptadeild Háskólinn í Reykjavík.

¹ OECD (2016). „Independence of Competition Authorities – From Design to Practices“, Paris.